



Bandalag
háskólamanna

Alþingi

Erindi nr. Þ 120 / 1868

komudagur 6 / 15 1996

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
Alþingi
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um skattafrumvörp

I.

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn bandalagsins um frv. til laga um breytingar á I. um tekju- og elgnaskatt og staðgreiðslu skatta. Um er að ræða mál nr. 421 og 422 (stjórnarfrumvörp) annars vegar og hins vegar mál nr. 428 og 429 (frumvarp þriggja stjórnarandstöðuflokka).

II. Skattastefna Bandalags háskólamanna

Stefna Bandalags háskólamanna í skattamálum er skilgreind í stefnuskrá bandalagsins:

“Allar tekjur launamanna og fyrirtækja verði skattlagðar á sama hátt.

Helstu stefnumið Bandalags háskólamanna varðandi endurskoðun á skattkerfinu eru eftirfarandi:

- *Tekjuskattur verði lagður á fjármagnseigendur eins og á tekjur launamanna.*
- *Persónuafsláttur, barnabætur, húsnæðisbætur og skattleysismörk verði hækkuð í samræmi við verðlagsbreytingar.*
- *Skattaeftirlit verði eftir, einkum með atvinnurekstri, til að koma í veg fyrir svarta atvinnustarfsemi og virðisaukaskattssvik.*
- *Tekið verði tillit til fjárfestinga einstaklinga í menntun.*
- *Námsmenn geti að námi loknu nýtt sér persónuafslátt sem safnast hefur upp á námslíma.*
- *Tekjutenging barnabóta verði afnumin.”*



Bandalag
háskólamanna

III. Helstu atriði frumvarpanna

Fyrirliggjandi frumvörp ríkisstjórnarinnar fela í sér að taka á upp samræmda skattlagningu allra fjármagnstekna einstaklinga og miðað við 10% skatt á allar fjármagnstekjur einstaklinga þ.e. nafnvexti, afföll, gengishagnað, tekjur af hlutdeildarskírteinum, tekjur af arði, leigu húsnæðis og söluhagnað án heimilda til frádráttar vaxtagjalda. Þetta felur annars vegar í sér skattahækkun vegna skattlagningar vaxtatekna sem nú eru skattfrjálsar og hins vegar skattalækkun á öðrum fjármagnstekjum frá því sem nú er. Einstaklingur má nýta persónuafslátt á móti fjármagnstekjuskatti. Skatturinn verður innheimtur í staðgreiðslu af greiðanda fjármagnstekna.

Áhrif frv. eru metin þannig að skattlagning vaxtatekna skili af sér 600 mkr. að teknu tilliti til persónufrádráttar (100 mkr.) en aðrir aðilar myndu skila 550 mkr. en þar á móti vegur lækkun skatta sem áætluð er 450 mkr. á ári. Ríkisstjórnin telur að tekjur ríkisins geti aukist um 1 milljarð króna á ári í framtíðinni en verði á bilinu 6-700 mil. kr. til að byrja með.

Hitt frumvarpið felur í sér breytingar á l. um tekju- og eignaskatt þannig að einungis verði breytt skattlagningu vaxtatekna og þær taldar með öðrum tekjum innan núverandi tekju-skattkerfis. Frá vaxtatekjum má draga 40.000 kr fyrir einstaklinga og tvöfalt hjá hjónum. Greiðendum vaxtatekna verði skylt að taka 25% staðgreiðslu af vaxtatekjum en einstaklingar hafi 40.000 kr. fritekjumark.

IV. Afstaða Bandalags háskólamanna til frumvarpanna

Bandalag háskólamanna mælir eindregið með því að Alþingi samþykki nú að taka upp skattlagningu á allar fjármagnstekjur og að farið verði með þessar tekjur á hliðstæðan hátt og aðrar tekjur í skattkerfinu eftir því sem unnt er. Tekjuskattkerfið hefur um langan tíma borið talsverðan keim af því að vera sérskattur á launatekjur. Því verður að breyta og samræma skattlagningu allra tekna og taka upp sambærilega staðgreiðslu á öllum tekjum. Annað felur í sér óásættanlega mismunun milli þegnanna.

Reykjavík, 2. maí 1996

Martha A. Hjálmarsdóttir
Martha Ásdís Hjálmarsdóttir, formaður